

Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

Staður: Teams

Dagsetning: 7.4.2021

Tími: 12:00 til 13:30

Mættar voru stjórnarkonurnar:

Hulda Ragnheiður Árnadóttir (HRÁ), Margrét Jónsdóttir Njarðvík (MJN), Ragnheiður Aradóttir (RA), Rakel Lind Hauksdóttir (RLH), Vigdís Jóhannsdóttir (VJ) sem og framkvæmdastjóri félagsins Andrea Róbertsdóttir (AR) voru viðstaddar fundinn.

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

1. Opnun – einn stuttur hringur
2. Dagskrá stjórnarfundar
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
4. Ársskýrsla
5. Ársreikningur og ársfundur
6. Lagabreytingartillögur starfsnefndar
7. Stefnunótun (gult/rautt/grænt)
8. Þjónustukönnun
9. Sýnileikakönnun
10. VR staðan og næstu skref
11. Bifröst og landsbyggð
12. Önnur mál

Formaður stjórnar, Hulda Ragnheiður, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun fundargerðar var í höndum Huldu Ragnheiðar.

1. Opnun – einn stuttur hringur

Orðið látið ganga hringinn og allar deildu því helsta sem á dagana hefur drifið frá síðasta fundi. Áslaug og Unnur forfölluðust með stuttum fyrirvara og Sigríður Bylgja varastjórnarkona komst ekki á fundinn.

2. Dagskrá stjórnarfundar

Hulda Ragnheiður setti fundinn og fór yfir helstu atriði dagskrár.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

Andrea fór yfir skýrslu framkvæmdastjóra, m.a. stöðuna á bankareikningum félagsins. Hún fjallaði um undirbúning aðalfundarins sem haldinn verður 19. maí nk., útistandandi mál vegna heimasíðu, nýtt bókhaldskerfi, góðan fund með FKA Norðurland, samstarfið við Birtíng og fleira.

4. Ársskýrsla

Andrea fór yfir stöðuna á undirbúningi FKA blaðsins 2021 sem verður unnið í samstarfi við Birtíng.

5. Ársreikningur og ársfundur

Farið var yfir ársreikninginn á fundinum. Niðurstöður ársreiknings árið 2020 eru mjög óvenjulegar þar sem að nánast engir viðburðir hafa getað orðið í raunheimum og því hefur kostnaður vegna viðburða dregist mjög saman, auk þess sem sjá má ýmis önnur einkenni á ársreikningnum sem eru til komin vegna þessa óvenjulega starfsárs. Ársreikningurinn er síðan undirritaður rafrænt.

Ársfundur FKA verður haldinn þann 19. maí nk. Búið er að manna helstu stöður á fundinum og gert ráð fyrir að hann verði haldinn bæði í raf- og raunheimum. Fjöldi í raunheimum mun ráðast af sóttvarnareglum á fundardegi.

6. Lagabreytingartillögur starfsnefndar

Þessum lið er frestað.

7. Stefnumótun

Stjórn hefur nýtt sér áherslur stefnumótunarfundarins frá því í september 2019 í skipulagi starfsins á síðustu misserum en stjórn er sammála um að miklar breytingar hafi orðið í samfélaginu í þessu Covid ástandi sem kalla á endurskoðun stefnumótunar. Stjórn felur Huldu og Andreu að taka saman upplýsingar um fylgni við áherslur úr stefnumótun og helstu mælikvarða sem varpa ljósi á árangur starfsársins. Mikilvægt er að byggja á góðum kjarna úr stefnumótuninni en full ástæða er til að byggja ofan á það góða starf og fá félagskonur til að huga að tækifærum í starfinu í takt við nýja tíma. Stjórn leggur áherslu á að unnið verði með lykilmætti stefnumótunarinnar á fundi með félagskonum í haust til að nýta þau tækifærin sem stefnumótunin hefur fært okkur.

8. Þjónustukönnun

Vigdís fór yfir helstu niðurstöður úr þjónustukönnuninni. Ákveðið að deila niðurstöðum könnunarinnar með félagskonum.

9. Sýnileikakönnun

Ekki náðist marktæk niðurstaða úr könnun sem gerð var í framhaldi af sýnileikadeginum þar sem ekki bærust nægilega mörg svör þrátt fyrir að um 450 konur hafi mætt á sýnileikadaginn. Svörun við könnuninni var innan við 5% af þeim sem nýttu sér efni Sýnileikadagsins.

10. VR staðan og næstu skref

Andrea og Hulda hafa verið í samstarfi með VR varðandi samstarfsverkefni sem er í undirbúningi. Upplýst um framlag VR og hvernig áætlun með framhaldið er.

11. Bifröst og landsbyggð

Margrét sagði frá skipulagi landsbyggðaráðstefnu FKA sem heitir „Ný heimssýn á nýjum tímum, arðsemi hamingjunnar á landsbyggðunni“. Skipulag ráðstefnunnar hefur miðað að því að ráðstefnan verði haldin á Bifröst og hefur undirbúningur gengið mjög vel fyrir utan hversu oft hefur þurft að endurskipuleggja hana vegna breytinga á sóttvarnarreglum. Nú hefur verið ákveðið að ráðstefnan verði haldin 17. apríl nk. hvort sem sóttvarnarreglur muni leyfa fundi í raunheimum eða færa þurfi ráðstefnuna alfarið í rafrænt form. Allar landsbyggðadeildirnar hafa virka aðkomu að ráðstefnunni.

12. Önnur mál

- a) Rætt um greinarskrif, 22 ára afmæli FKA 9. apríl nk. og fund sem stjórn ætlar að skipuleggja með stjórnnum landsbyggðadeilda að lokinni ráðstefnunni 17. apríl nk.

Fundi sliti kl. 13:45. Fundargerð þessi var samþykkt af stjórnarkonum.